

Sp.

49. Tillaga til þingsályktunar

[49. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að beita sér fyrir því að þeim, sem eingöngu sinna heimilisstörfum, verði tryggð lífeyrisréttindi eigi síðar en 1. júní 1987.

Sérstaklega skal athuga aðild þeirra að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ljóst er að heimavinnandi fólk fer varhluta af ýmsum félagslegum réttindum þar sem það er ekki úti á vinnumarkaðnum. Á það ekki síst við um lífeyrisréttindi.

Þó að um þetta mál hafi löngum verið fjallað á vettvangi Alþingis og víðar í þjóðfélaginu og flestum beri saman um að til vansa sé fyrir þjóðfélagið að heimavinnandi fólk sé ekki tryggð lífeyrisréttindi á við aðra situr allt við það sama í því efni.

Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum eða hafa aðeins verið þar um skamman tíma, búa því við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur og afkomu sína í ellinni.

Varla er um það deilt að störf heimavinnandi fólks eru þjóðfélaginu mjög mikilvæg þó að þau séu ekki að sama skapi mikils metin, t.d. til félagslegra réttinda, samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu.

Þó að oft sé í þjóðfélagsumræðunni talað um hin efnislegu verðmæti og þeim gefið vægi fram yfir mannleg verðmæti er grunnurinn að velferð og hamingju fjölskyldunnar ekki síður falinn í hinum mannlegu verðmætum en hinum efnislegu. Það er ekki síst hlutskipti þeirra, sem eingöngu stunda heimilisstörf, að hlúa að hinum mannlegu verðmætum og er gildi umönnunar og uppeldis ungu kynslóðarinnar þar hvað mikilvægast bæði fyrir einstaklinginn, fjölskylduna og þjóðfélagið í heild. Vegna þess ástands, sem ríkt hefur í vistunarmálum aldraðra, hefur hlutur þeirra, sem eru heimavinnandi, einnig verið mikill í að leysa brýnasta vandann í því efni, jafnframt því að stuðla að því að aldraðir geti dvalist sem lengst í heimahúsum.

Varla verður því á móti mælt að störf heimavinnandi fólks hafa með þessum hætti og ýmsum öðrum leitt af sér ýmsan fjárhagslegan sparnað, bæði beinan og óbeinan, fyrir

þjóðfélagið. Erfiðlega hefur þó gengið að fá viðurkennt á borði mikilvægi starfa heimavinnandi fólks og sést það best á því að langt er í land með að heimavinnandi fólk njóti ýmissa félagslegra réttinda sem öðrum þykja sjálfsgöð, enda er með réttu oft talað um heimavinnandi fólk sem réttindalausán hóp í þjóðfélaginu. Auk þess að hafa ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi má einnig nefna að almannatryggingalöggjöfin tryggir heimavinnandi fólk ekki sama rétt og öðrum á ýmsum sviðum. Er þar skemmst að minnast að heimavinnandi fólk hefur ekki fengið sama rétt og aðrir til fæðingarorlofs eða sjúkradagpeninga. Einnig má með nokkrum rétti segja að í mörgum tilfellum sé heimavinnandi fólk refsað en ekki umbunað fyrir störf sín. Það lýsir sér einna best í því að skattbyrði heimilis þar sem annar maki sinnir eingöngu heimilisstörfum er oft þyngri en heimilis þar sem tekjur eru afrakstur af vinnu beggja hjóna eða sambúðaraðila, jafnvel þó að um sömu heildartekjur heimila sé að ræða.

Með þingsályktunartillögu þessari er tekið á einum þætti þessa misréttis sem heimavinnandi fólk hefur þurft að búa við, þ.e. lífeyrisréttindum þess.

Frá því árið 1976 hefur verið að störfum nefnd til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Á síðasta Alþingi (107. löggjafarþingi) var lögð fram skýrsla fjármálaráðherra um störf þessarar nefndar. Ekki verður séð af því sem fram kom í skýrslunni að á næsta leiti sé að tryggja heimavinnandi fólk lífeyrisréttindi á við aðra í þjóðfélaginu.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að við svo búið megi ekki standa lengur og að löggjafarvaldinu beri skylda til að sjá svo um að lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks verði færð í viðunandi horf.

Í nafnaskrá lífeyrissjóða, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu í nóvember 1984, kemur fram að um stóran hóp er að ræða sem er utan lífeyrissjóða. — Fjöldi þeirra, sem utan lífeyrissjóða standa, er rúmlega 25 þúsundir manna fæddar 1967 eða fyrr. Þar af eru konur rúmlega 17 þúsundir og karlar tæpar 8 þúsundir.

Í þessum hópi er fjöldi 67 ára og eldri 8723, þar af 6607 konur og 2116 karlar.

Ef skoðuð er hjúskaparstétt fólks 67 ára og eldri, sem utan lífeyrissjóða standa, kemur eftirfarandi í ljós:

	Karlar	Konur
Ógift(ur)	426	1017
Gift(ur)	1045	2278
Ekill, ekkja	551	3070
Skilin(n) að borði og sæng	6	15
Skilin(n) að lögum	79	210
Samvistum slitið	8	14
Annað	2116	6607

Í þáttill. þessari er sérstaklega bent á að athugun fari fram á því að tryggja heimavinnandi fólk aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda sem stofnaður var með lögum árið 1980. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við af Biðreikningi lífeyrisréttinda en tilgangur hans er að vera samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbunda aðild að öðrum lífeyrissjóði. Sýnist því nærtækt að heimavinnandi fólk fái aðild að slíkum sjóði.